





Gangtegundir íslenska hestsins

GRUNNSKILGREININGAR





Gangtegundir íslenska hestsins

Á aðalfundi FEIF í Malmö í Svíþjóð 2012 buðu fulltrúar LH, þeir Sigurður Ævarsson og Sigurbjörn Bárðarson að LH sæi um að skilgreina gangtegundir íslenska hestsins í tengslum við Task force verkefnið sem FEIF vinnur að. Verkefnið felur í sér að FEIF endurskoði allar reglur og markmið sitt í þágu hestsins.

Í dag stunda um ellefuþúsund manns hestaþróttina samkvæmt opinberum tölum. Nauðsynlegt er því að þekkja vel eðli og skilgreiningu þeirra gangtegunda sem íslenski hesturinn býr yfir. Sú skilgreining er forsenda þess að hægt sé að skilja hvernig best sé að byggja hestinn upp til að hann öðlist sem mesta færni á hverri gangtegund og að sú vinna fari fram á forsendum hestsins.

Þá er þessi vinna einnig forsenda þess að hægt sé að samræma mat við dómsstörf á öllum gangtegundum og skiptir því miklu máli í menntun og þjálfun allra dómara sem koma að íslenska hestinum.

Með þetta að leiðarljósi fékk LH til liðs við sig þá Sigurð Ævarsson og Sigurbjörn Bárðarson, Þorvald Kristjánsson og Gunnar Reynisson kennara við LBHÍ á Hvanneyri og var Þorvaldur formaður nefndarinnar. Bæklinginn prýða faglegar teikningar byggðar á grundvelli rannsókna á myndскеiðum af hreyfiferlum gangtegundanna. Þessar skilgreiningar gangtegundanna hafa verið lesnar yfir af fagmönnum innan stéttarinnar og fengnar til umsagnar og athugasemda til að tryggja sem besta faglega nálgun á verkefnið og að um það ríki sátt.

Með þessu metnaðarfulla verkefni vill LH leggja sitt af mörkum, þar sem Ísland er upprunaland íslenska hestsins, til að tryggja forystu okkar þar sem fjallað er um íslenska hestinn og það sem að honum snýr. Forsenda þess að það takist er að taka þátt í því góða starfi sem fram fer innan FEIF og helst að leiða það.

Vil ég fyrir hönd LH þakka þessum einstaklingum þeirra góða og merkilega framlag sem hér gefur að líta. Þessi skilgreining á gangtegundum íslenska hestsins mun nýtast vel í allri umfjöllun um þjálfun, uppbyggingu, reiðmennsku, menntun, dóma og fleira er lítur að notkun hestsins.

Haraldur Þórarinnsson,
formaður LH

Skilgreining gangtegundanna

Íslenski hesturinn er þekktur sem fjölhæfur reiðhestur með fimm gangtegundir og gott geðslag sem notaður er til almennra útreiða og ferðlaga, sem keppnishestur og einnig til ræktunar.

Til að skilja eðli og einkenni gangtegundanna er afar mikilvægt að hafa skýrar og alþjóðlega viðurkenndar skilgreiningar á takti, hreyfiferlum og hreyfingum og að þessar skilgreiningar myndi þann grunn sem dómsstörf í kynbótasýningum, gæðingakeppni og íþróttakeppni byggja á.

Einnig er nauðsynlegt fyrir reiðkennara og þjálfara á öllum stigum að gera sér vel grein fyrir þessum skilgreiningum og nota þær og vísa til þeirra í menntun hesta og reiðfólks.

Fyrir reiðfólk á öllum stigum – hvort sem það er reynslulítill reiðmaður eða heimsmeistari – þá er þekking á gangtegundunum nauðsynleg fyrir þróun reiðmennskunar og samskipti við aðra reiðmenn, til að skilja og virða mismunandi hestgerðir og til að átta sig á blæbrigðum gangtegundanna og gangskiptingum.

Góð þekking og skilningur á gangtegundunum er forsenda þess að geta riðið og notið gæða hins íslenska hests – og tryggt velferð hestsins.

Jens Iversen,
forseti FEIF

Íslenski hesturinn

Íslenski hesturinn hefur fylgt íslensku þjóðinni frá upphafi og er afkomandi hrossa sem landnámsmenn tóku með sér til landsins í lok 9. aldar. Saga hestsins hefur verið nátengd sögu þjóðarinnar allar götur síðan. Íslenski hesturinn gegndi stóru hlutverki í lífsbaráttu Íslendinga á fyrstu öldum byggðar í landinu og hann á sér langa sögu sem reiðhestur þar sem allar samgöngur á Íslandi byggðu á honum um aldir. Hann var aðalfarartæki þjóðarinnar á veglausri eyju; hann brúaði ár og fljót, færði fólki björg í bú, jafnt af sjó og landi og var sameiningartákn Íslendinga við alla meiri háttar viðburði sem tengdust íslensku þjóðlífi. Íslenski hesturinn hefur skipað veigamikinn sess í íslenskri menningu allt frá landnámi og til dagsins í dag.

Vegna þess hve hesturinn var mikið notaður til reiðar var lagt upp úr þreki hans, dugnaði og ganghæfni. Hvað reiðhestkostina varðar hefur vilji, rými og mýkt verið eftirsóknarverðir eiginleikar en til langra ferðalaga þykir fýsilegt að geta setið hestinn daglangt á mjúkum, þýðum gangi. Það skýrir þau orð sem notuð hafa verið um gangtegundina tölt í gegnum tíðina, svo sem yndisspor og hýruspor. Allar gangtegundir viðhældust í stofninum og í dag er íslenski hesturinn fjölhæfur reiðhestur sem býr yfir fimm gangtegundum.

Þegar vélknúin tæki ruddu sér til rúms til ferðalaga og landbúnaðarstarfa á Íslandi upp úr 1930 átti hesturinn undir högg að sækja. Þá töldu margir að tilgangur og hlutverk hestsins myndi fjara út en sú varð ekki raunin. Með auknum frístundum fólks nýttust frábærir reiðhesthæfileikar íslenska hestsins til að þróa nýja hefð útreiða, hestaþrótt og ferðalaga um óbyggðir. Í dag er íslenski hesturinn stór hluti af lífi fjölda fólks víða um heim og er mikils metinn hvort heldur sem er til útreiða eða í keppni. Íslenski hesturinn er eitt helsta stolt og verðmæti íslensku þjóðarinnar.

Gangtegundir íslenska hestsins

Íslenski hesturinn er fjölhæfur reiðhestur sem notaður er til frístundaútreiða, ferðalaga og í hinar ýmsu keppnisgreinar. Fjölhæfni hestsins felst meðal annars í því að geta búið yfir fimm gangtegundum. Hann býr yfir grunngangtegundunum feti, brokki og stökki; en einnig býr hann yfir tölti og skeiði. Mikil áhersla er lögð á gangtegundirnar, hvort sem lítið er til reiðmennsku eða ræktunar á íslenska hestinum, tölt og skeið eru taldar þeirra eftirsóknarverðastar en mikil verðmæti eru jafnframt fólgin í fjölhæfni íslenska hestsins. Þessa áherslu á gangtegundirnar má glögglega sjá í keppnisgreinum fyrir íslensk hross en þær eru nánast allar gangtegundakeppnir. Að auki er íslenski hesturinn reiðhestur sem er notaður jafnt í styttri útreiðar sem lengri ferðir og því mikilvægt að hann búi yfir góðum gangtegundum.

Aðal markmiðið hvað gangtegundirnar varðar felst í því að hafa þær hreinar, vel aðskildar og að hesturinn beiti sér rétt á hverri þeirra. Hrein gangtegund er sú sem býr yfir réttum takti, þar sem hreyfingin flæðir í gegnum hestinn án mistaka og í jöfnum hrynjanda. Markmiðið er einnig að gangtegundirnar búi yfir skreflengd, rými og léttleika og hreyfingarnar séu fjaðurmagnaðar og mjúkar. Í gamalli,

íslenskri reglugerð um reiðhesta segir: „Hreyfingar reiðhests eiga að vera léttar, fjaðurmagnaðar, háar, svifmiklar, hreinar, sniðfastar og frjálstar”. Þessi lýsing er enn í fullu gildi.

Hér á eftir verða gangtegundir íslenska hestsins skilgreindar. Hérna er um grunn-skilgreiningar að ræða þar sem farið verður í gegnum takt, fótaröðun og hreyfiferla í hverju skrefi. Þá verður æskilegri líkamsbeitingu á hverri gangtegund lýst en einnig frávikum frá réttum takti. Umfjöllunin byrjar á því að fara í gegnum helstu hugtök sem notuð eru til að lýsa gangtegundum.

Hugtök sem lýsa gangtegundum

Hestar og aðrir fjórfætlingar hafa úr mörgum gangtegundum að velja. Í náttúrunni skipta hestar um gangtegundir eftir því á hvaða hraða þeir eru og velja þá gangtegund sem er mest orkusparandi á þeim hraða sem þeir ferðast á hverju sinni. Gangtegund er samhæfing allra fjögurra fóta hestsins í einu skrefi. Hver gangtegund hefur sérstakt hreyfiferli og hvert hreyfiferli samanstendur af fótaröðun, stöðutíma og sviftíma hvers fótar fyrir sig. *Stöðutími* fóta er sá tími sem þeir eru á jörðu og *sviftími* er sá tími sem þeir eru á lofti. Þegar fleiri en einn hófur er á jörðu á sama tíma er talað um skörun fóta og er þá um að ræða tví-, þrí- eða fjórstuðning fóta. Eins fótar stuðningur er hugtak um það þegar einn fótur er á jörðu án stuðnings annars fótar.

Eitt *skref* er skilgreint sem það ferli frá því að t.d. vinstri afturfótur lendir á jörðinni þangað til hann lendir aftur á jörðinni og *skreftími* er sá tími sem þetta tekur.


Gangtegundum má skipta í tvo flokka eftir því hvort þær eru *samhverfar* eða *ósamhverfar*. Ósamhverf gangtegund er þegar hreyfingar hægri og vinstri hliðar hafa ólíkt hreyfiferli, til dæmis stökk. Samhverfar gangtegundir eru þær sem eru samhverfar í hreyfingum á milli hægri og vinstri hliðar líkamans, þær eru fet, brokk, skeið og tölt. Á samhverfum gangtegundum er hreyfiferli vinstri framfótar það sama og þess hægri og hreyfiferli vinstri afturfótar er það sama og hægri afturfótar.

Gangtegundum eru einnig skipt í *stikandi* og *hlaupandi* gangtegundir eftir því hvort svif er í skrefinu eða ekki. Stikandi gangtegundir hafa alltaf að minnsta kosti einn fót á jörðu og er því aldrei um svif að ræða í skrefinu. Hlaupandi gangtegundir hafa einn eða fleiri sviffasa í hverju skrefi, þar sem allar fjórar fætur svífa af jörðu. Tölt er reyndar skilgreind sem hlaupandi gangtegund þó svo gangtegundin hafi ekki svif en það er vegna þess að innan hvers skrefs kemur tímabil sem báðir afturfætur eru á lofti og einnig tímabil sem báðir framfætur eru á lofti. Þetta á sér ekki stað á sama tíma í skrefinu og er því kallað *hálfsvif*.

Þegar samhverfum gangtegundum er lýst er oft mældur sá tími sem líður á milli niðurkomu hliðstæðra fóta (lateral advanced placement, LAP). Þessi breyta eru skilgreind sem hlutfall af einum skreftíma. Fyrir skeið er LAP nálægt 0, þar sem hliðstæðar fætur snerta jörðina nánast samtímis og fyrir takthreint brokk er LAP 1/2. Á hreinu tölti og feti þar sem um fjórtakt er að ræða á LAP að vera 1/4. Þegar gildið er lægra en 1/4 nálgast gangtegundin skeið og hliðstæð tenging fóta eykst. Ef gildið er hins vegar hærra en 1/4 þá nálgast hún brokk og skástæð tenging fóta eykst.

Fet

Fet er mikið notuð gangtegund á íslenskum hrossum, bæði í tamningu hestsins og þjálfun, jafnt sem almennum útreiðum. Fet er hluti af hinum ýmsu keppnisgreinum og er einn þeirra eiginleika sem metinn er í kynbótadómi fyrir íslensk hross.




Fet er fjórtakta gangtegund með hliðstæðri hreyfingu án svifs. Fet hefur átta hreyfistig. Á feti hreyfast fæturnir í þessari röð: Vinstri aftur, vinstri fram, hægri aftur, hægri fram og skiptist á tví- og þrístuðningur fóta. Jafnt tímabil skal vera á milli niðurkomu allra fjögurra fóta.

Lýsing

Fet er samhverf, fjórtakta gangtegund með hliðstæðri hreyfingu án svifs. Jafnt tímabil skal vera á milli niðurkomu allra fjögurra fóta (það er að afturfótur lendi 1/4 af heildarskref tíma á undan hliðstæðum framfæti). Fet hefur átta hreyfistig. Á feti hreyfast fæturnir í þessari röð: Vinstri aftur, vinstri fram, hægri aftur, hægri fram. Fet er skilgreind sem stikandi gangtegund þar sem skiptist á tví- og þrístuðningur fóta (sjá myndir).

Æskileg líkamsbeiting á feti

Á feti gengur hesturinn áfram í jöfnum og hreinum takti og tekur löng skref. Háls hestsins hreyfist taktfast upp og niður og hryggsúlan er fjaðrandi og spennulaus. Hesturinn er virkur í afturfótum og baki, greinilegar bolhreyfingar sjást og taglið er frjálst og óþvingað.



Gallar á feti

Skeiðborið fet

Skeiðborið fet er þegar hliðstæðir fætur hreyfast nánast samtímis fram. Þá er stutt á milli niðurkomu hliðstæðra fóta og sá tími sem líður frá því að afturfótur lendir á jörðinni þangað til hliðstæður framfótur lendir er undir $\frac{1}{4}$ af heildarskreftíma.

Fet með brokkívafi

Á feti er einnig óæskilegt að hafa of stutt á milli niðurkomu skástæðra fóta. Þá er ekki um hreinan fjórtakt að ræða í fetinu og talað um að það hafi brokkívaf en þá er það of nærri brokki.

Stirt fet




Galli er ef bolhreyfingar vantar á feti. Það vantar virkni í bak hestsins, bakið er fatt eða stíft og hreyfingarnar flæða ekki í gegnum bol hans.

Hlaupandi fet

Galli er ef hesturinn hvílir ekki í sporinu og flýtir sér á feti.

Brokk

Brokk er ein af grunngangtegundum íslenska hestsins og er kjörgangur margra íslenskra hrossa. Brokkið er notað markvisst í þjálfun og uppbyggingu hestsins. Brokk er hluti af hinum ýmsu keppnisgreinum og er einn þeirra eiginleika sem metinn er í kynbótadómi fyrir íslensk hross. Einnig er keppt á brokki í kappreiðum á íslenskum hrossum.






Brokk er tvítakta, skástæð gangtegund með svífi. Brokk hefur fjögur hreyfistig. Hesturinn hreyfir hægri skástæðu, þ.e. vinstri afturfót og hægri framfót saman og lendir á þeim samtímis. Spyrnir sér síðan af þeim og svífur yfir á vinstri skástæðu sem er þá hægri afturfótur og vinstri framfótur.

Lýsing

Brokk er tvítakta, skástæð gangtegund með svífi. Brokk hefur fjögur hreyfistig. Hesturinn hreyfir hægri skástæðu, þ.e. vinstri afturfót og hægri framfót saman og lendir á þeim samtímis. Spyrnir sér síðan af þeim og svífur yfir á vinstri skástæðu sem er þá hægri afturfótur og vinstri framfótur (sjá myndir). Brokk er eina skástæða gangtegundin.

Rétt líkamsbeiting á brokki

Á brokki á hesturinn að hvelfa yfirlínu og spyrna sér áfram í svífmikilli hreyfingu með rúmu skrefi. Takturinn er hreinn tvítaktur. Yfirlína hestsins er spennulaus, bakið er fjaðrandi og hreyfingin gengur í gegnum bol hestsins. Brokk er riðið á ýmsum hraða í mismunandi formi. Má t.d. nefna safnað brokk þar sem hesturinn gengur í meiri reisingu, kreppir lend og beygir meira liði í afturfótum. Við það færast burður hestsins meira á afturfætunum og hreyfingar framhluta verða léttari. Á hröðu brokki teygir hesturinn meira á yfirlínunni og opnar kverk. Á miklum hraða á brokki getur samtenging skástæðra fóta rofnað og framfótur lent aðeins á undan skástæðum afturfæti. Áfram er þó talað um tvítakt þar sem frávikið frá samstiga hreyfingum skástæðra fóta er ekki merkjanlegt.



Gallar á brokki

Fjórtaktað brokk

Algengasti galli á brokki er fjórtaktað brokk. Þá verður aftenging skástæðra fóta og getur hún verið með tvennum hætti. Annars vegar þegar framfótur skástæðunnar lendir og fer af jörðu á undan skástæðum afturfæti. Hins vegar þegar afturfótur skástæðunnar lendir á undan framfæti.

Sviflítið brokk

Einnig er galli þegar brokkið er takthreint en sviflítið. Þá heldur hesturinn hreinum tvítakti en losar lítið frá jörðu, sviftími minnkar og hesturinn verður jarðbundinn.

Stirt brokk




Galli er ef bolhreyfingar vantar á brokki. Það vantar virkni og fjöðrun í bak hestsins, bakið er fatt eða stíft og hreyfingarnar flæða ekki í gegnum bol hans.

Upp á fótinn

Einnig getur brokkið verið brotið á þann veg að það sé þrítaktað, þ.e. önnur skástæðan brotin en hin hrein og brokkið upp á fótinn sem kallað er. Þá getur brokkið verið aðeins stökkblandað, hreyfingar vinstri og hægri hliðar hestsins eru ekki samhverfar og ekki lengur um hreinan tvítakt að ræða.

Stökk – Hægt stökk

Stökk er mikið notuð gangtegund í allri þjálfun hestsins. Stökk er hluti af hinum ýmsu keppnisgreinum og er einn þeirra eiginleika sem metinn er í kynbótadómi fyrir íslensk hross. En einnig er keppt í stökki á kappreiðum á íslenskum hrossum. Gerður er greinarmunur á hægri og vinstra stökki og verður þeim lýst hér að neðan. Stökk er hjá mörgum hestum hraðasta gangtegundin en stökk er riðið á hægri ferð og upp í hraða ferð.




Hægt stökk er þrítakta gangtegund með svífi. Hægt stökk hefur sex hreyfistig en fótariðun á vinstra stökki er: Hægri afturfótur – vinstri afturfótur: hægri framfótur – vinstri framfótur – svífi. Eins og myndirnar sýna lendir hesturinn fyrst á hægri afturfæti, lendir svo samtímis með vinstri afturfót og hægri framfót og endar á því að lenda á vinstri framfæti og svífa. Á hæggu stökki er um ein-, tví- og þrístuðning fóta að ræða í heilu skrefi.

Lýsing


Hægt stökk er ósamhverf, þrítakta gangtegund með svífi. Hægt stökk hefur sex hreyfistig en fótariðun á hæggu stökki er: Vinstri afturfótur – hægri afturfótur: vinstri framfótur – hægri framfótur – svífi. Hesturinn lendir fyrst á vinstri afturfæti, lendir svo samtímis með hægri afturfót og vinstri framfót (skástæðir fætur lenda samtímis) og endar skrefið með því að lenda á hægri framfæti og svífa. Fótariðun á vinstra stökki er: Hægri afturfótur – vinstri afturfótur: hægri framfótur – vinstri framfótur – svífi. Á hæggu stökki er um ein-, tví- og þrístuðning fóta að ræða í heilu skrefi (sjá myndir).

Æskileg líkamsbeiting á hæggu stökki

Á hæggu stökki á hesturinn að hreyfa sig í jafnvægi með léttum, mjúkum hreyfingum. Hesturinn á að hvelfa yfirlínu og kreppa lend og bera þyngd með afturfótum í lengri tíma. Við það færast þyngd hestsins meira á afturhlutann og hreyfingar framhluta verða hærri, léttari og frjálssari. Hesturinn sýnir greinilegt svífi og hefur hreinan þrítakt.



4



5



6

Gallar á stökki

Fjörtakta hægt stökk – gengið stökk


Galli er á hægu stökki þegar það hefur fjórskiptan takt og hesturinn gengur að aftan. Ef um hægra stökk er að ræða, lendir hesturinn ekki samtímis á skástæðum fótum, það er ekki samtímis á hægri afturfæti og vinstri framfæti, heldur fyrst á afturfæti skástæðunnar og svo á framfæti. Þannig glatast þrítaktur gangtegundarinnar og hún verður fjörtakta.

Skeiðstökk

Galli er á stökki þegar það hefur fjórskiptan takt á þann veg að framfótur skástæðunnar kemur niður á undan afturfæti – er þá talað um skeiðstökk. Þá er hesturinn oft of frampungur, flatur og stífur og hliðstæðir fætur hreyfast saman.

Stökk – Hratt stökk

Hratt stökk er hluti af almennri þjálfun íslenska hestsins og er hluti af hinum ýmsu keppnisgreinum. Hratt stökk er einn þeirra eiginleika sem metinn er í kynbótadómi fyrir íslensk hross en einnig er keppt í stökki á kappreiðum á íslenskum hrossum. Gerður er greinarmunur á hægri og vinstra stökki og verður þeim lýst hér að neðan. Stökk er hjá mörgum hestum hraðasta gangtegundin.




Hratt stökk er fjórtakta gangtegund með svífi. Fótariðun á hægri stökki er: Vinstri afturfótur – hægri afturfótur – vinstri framfótur – hægri framfótur – svífi. Eins og myndirnar sýna lendar hesturinn fyrst á vinstri afturfæti, svo á hægri afturfæti, svo á vinstri framfæti og endar skrefið með því að lenda á hægri framfæti og svífa. Á hröðu stökki er um ein-, tví- og þrístuðning fóta að ræða í heilu skrefi.

Lýsing

Hratt stökk er ósamhverf, fjórtakta gangtegund með svífi. Fótariðun á hægri stökki er: Vinstri afturfótur – hægri afturfótur – vinstri framfótur – hægri framfótur – svífi; hesturinn lendar fyrst á vinstri afturfæti, svo á hægri afturfæti, svo á vinstri framfæti og endar skrefið með því að lenda á hægri framfæti og svífa þar næst. Munurinn á hægri og hröðu stökki er því sá að á hröðu stökki lendar hesturinn ekki samtímis með skástæða fætur, heldur fyrst á afturfæti skástæðunnar og svo á framfæti skástæðunnar. Fótariðun á vinstra stökki er: Hægri afturfótur – vinstri afturfótur – hægri framfótur – vinstri framfótur – svífi. Á hröðu stökki er um ein-, tví- og þrístuðning fóta að ræða í heilu skrefi (sjá myndir).

Æskileg líkamsbeiting á hröðu stökki

Hratt stökk er kraftmikill yfirferðargangur þar sem hesturinn lengir skrefin. Hann á að lyfta sér vel upp af framan, draga sig saman þannig að afturfætur fari langt undir hestinn og teygja á sér í mjúkum bogum, leggja land undir sig og hafa gott svífi.



Gallar á stökki

Stirt stökk


Galli er ef bolhreyfingar vantar á stökki. Það vantar virkni og fjöðrun í bak hestsins, bakið er fatt eða stíft og hreyfingarnar flæða ekki í gegnum bol hans. Hesturinn lyftir sér lítið að framan og teygir ekki úr framfótum, oft fylgir að afturfætur og lend lyftast hærra þannig að svif afturfóta er greinilegt. Hreyfingin verður stíð og frömpung.

Kýrstökk

Kýrstökk er megingalli en það hefur aðra fótaraðun en rétt stökk og ef hesturinn sýnir eingöngu kýrstökk í keppni eða kynbótadóm hlýtur hann ekki einkunn fyrir stökk. Kýrstökk getur verið upp á vinstri og hægri fót. Ef um vinstra kýrstökk er að ræða lendir hesturinn fyrst á vinstri afturfæti, þar næst á hliðstæðum fótum; hægri afturfæti og hægri framfæti, svo á vinstri framfæti og spyrnir sér upp í svif af þeim fæti. Ef um hægra kýrstökk er að ræða lendir hesturinn fyrst á hægri afturfæti, þar næst á hliðstæðum fótum, vinstri afturfæti og vinstri framfæti, svo á hægri framfæti og spyrnir sér upp í svif af þeim fæti.

Tölt

Það sem einkennir góðan, íslenskan reiðhest öðru fremur er gott tölt. Töltið er vinsælasta gangtegundin til almennra útreiða og ferðalaga. Tölt er einnig hluti af hinum ýmsu keppnisgreinum og er einn þeirra eiginleika sem metinn er í kynbótadómi fyrir íslensk hross, þar sem það hefur hæst vægi allra eiginleika. Einnig eru keppnir þar sem einungis er keppt í tölti, þegar hesturinn á að vera í taumsambandi allan tímann og einnig þegar töltið er riðið án taumstuðnings. Töltið er riðið á hægri ferð og upp í greiða ferð.



Tölt er fjórtakta gangtegund með átta hreyfistig og eftirfarandi fótarröðun: Vinstri afturfótur – vinstri framfótur – hægri afturfótur – hægri framfótur. Jafnt tímabil skal vera á milli niðurkomu allra fjögurra fóta. Tölt er sviflaus gangtegund en þó er um hálfsvif að ræða bæði að framan (tímabil þar sem báðir framfætur eru á lofti) og aftan (tímabil þar sem báðir afturfætur eru á lofti). Ýmist er um einstuðning eða tvístuðning fóta að ræða í heilu skrefi.

Lýsing

Tölt er samhverf, fjórtakta gangtegund með átta hreyfistig og eftirfarandi fótarröðun: Vinstri afturfótur – vinstri framfótur – hægri afturfótur – hægri framfótur. Hrynjandi töltsins skal vera reglulegur og jafnt tímabil skal vera á milli niðurkomu allra fjögurra fóta, á hvaða hraða sem riðið er (það er að afturfótur lendi 1/4 af heildarskreftíma á undan hliðstæðum framfæti). Tölt er sviflaus gangtegund en þó er um hálfsvif að ræða bæði að framan og aftan og er því um hlaupandi gangtegund að ræða. Ýmist er um einstuðning eða tvístuðning fóta að ræða í heilu skrefi. (Sjá myndir). Tölt er riðið allt frá hægri ferð upp í greiða ferð.

Æskileg líkamsbeiting á tölti

Einkennandi fyrir gott tölt er mýkt og gegnumflæði í hreyfingum. Hesturinn hreyfir sig í jafnvægi, með sterkt, fjaðrandi bak og virkan afturhluta. Hreyfingar framhluta eru léttar og frjálssar, hesturinn gengur upp í herðar. Taktur hestsins er hreinn fjórtaktur sem flæðir í gegnum hestinn í jöfnum hrynjanda.


Hægt tölt

Á hægu tölti er yfirlínan hestsins hvelfd og spennulaus og bakið virkt. Hesturinn kreppir lend og afturfætur bera þyngd í lengri tíma. Við það færast burður hestsins meira á afturfæturnar en á góðu hægu tölti er stöðutími afturfóta lengri en stöðutími framfóta. Þegar tölt er riðið

mjög hægt getur hálfsvifið farið að aftan en þá hvílir hesturinn um stund í annan framfót og báða afturfætur (þrístuðningur). Þá er töltið riðið hægar en gerð er krafa um í keppni og kynbótasýningum og í raun um millistig á milli fets og tölts að ræða.

Greitt tölt

Á greiðu tölti á hesturinn að lengja skrefin. Hann teygir hálsinn lengra fram og kverkin verður opnari en á hægu tölti en hesturinn heldur jafnframt formi. Yfirlína hestsins helst sterk og spennulaus. Stöðutími fram- og afturfóta verður jafnari en á hægu tölti og skástæður tvístuðningur minnkar.



Gallað tölt

Skeiðborið tölt

Á tölti er óæskilegt að hafa of stutt á milli niðurkomu hliðstæðra fóta. Þá er ekki um hreinan fjórtakt að ræða í töltinu og talað um skeiðborið tölt eða bundið tölt en þá er töltið of nærri skeiði. (Þá er of mikil hliðstæð tenging fóta en þá er styttra er á milli niðurkomu hliðstæðra fóta en sem nemur 1/4 af heildarskref tíma, sjá inngang).

Brokktölt

Á tölti er einnig óæskilegt að hafa of stutt á milli niðurkomu skástæðra fóta. Þá er ekki um hreinan fjórtakt að ræða í töltinu og talað um að töltið hafi brokkívað en þá er það of nærri brokki. (Þá er of mikil skástæð tenging fóta en þá verður tíminn á milli niðurkomu hliðstæðra fóta lengri en sem nemur 1/4 af heildarskref tíma, sjá inngang).

Stirt tölt


Taktur töltsins getur verið hreinn fjórtaktur en mýkt og bolhreyfingar vantar í skrokk hestsins og gegnumflæði hreyfinga er heft.

Upp á fótinn

Tölt er gallað ef það er upp á fótinn sem kallað er. Þá er töltið meira eða minna stökkblandað, hreyfingar vinstri og hægri hliðar hestsins eru ekki samhverfar og ekki um jafnt tímabil á milli niðurkomu allra fjögurra fóta að ræða.

Skeið

Skeið er eitt aðalsmerki hins íslenska alhliða hests. Skeiðið er riðið til afkasta en stuttar vegalengdir og vakur hestur nefnist sá sem nær góðum hraða á skeiðinu. Það er keppt í skeiði á kappreiðum og er þá vegalengdin sem hesturinn þarf að skeiða 100 til 200 metrar en skeiðkappreiðar teljast elsta séríslenska keppnisgrein hestaíþróttanna. Skeið er einnig sýnt í gæðingaskeiði, er hluti af keppni í A-flokki og fimmgangi og er einn þeirra eiginleika sem sýnt er í kynbótadómi fyrir íslensk hross. Skeið getur einnig verið hluti af almennum



Skeið er tvítakta yfirferðargangtegund með svifi, þar sem hliðstæðir fætur hreyfast nánast saman fram og aftur. Fótaröðun á skeiði er: Vinstri afturfótur – vinstri framfótur – svif – hægri afturfótur – hægri framfótur – svif og er það annar framfóturinn sem spyrnir hestinum upp í svif áður en skástæður afturfótur lendir. Á mikilli ferð getur samtenging hliðstæðra fóta rofnað og afturfótur lent aðeins á undan hliðstæðum framfæti. Áfram er talað um tvítakt þar sem frávikið frá samstiga hreyfingum hliðstæðra fóta er ekki merkjanlegt.


útreiðum. Hægt skeið er kallað lull og er ekki talið æskileg gangtegund. Talað er um að taka hest til kostanna þegar hann er lagður á skeið og orðið flugskeið er vísun í svif hestsins á skeiðinu og hraða. Vegna skyldleika gangtegundanna tölts og skeiðs myndaðist sú hefð að leggja hestinn á skeið af stökki til að skilja á milli tölts og skeiðs. Þaðan kemur orðatiltækið að leggja hestinn en þá á hann meiri möguleika á því að lengja yfirlínu, teygja hálsinn fram og opna kverk og svífa á skeiði í hreinum takti.

Lýsing

Skeið er samhverf, tvítakta yfirferðargangtegund með svifi, þar sem hliðstæðir fætur hreyfast nánast saman fram og aftur. Fótaröðun á skeiði er: Vinstri afturfótur – vinstri framfótur – svif – hægri afturfótur – hægri framfótur – svif og er það annar framfóturinn sem spyrnir hestinum upp í svif áður en skástæður afturfótur lendir. Á mikilli ferð getur samtenging hliðstæðra fóta rofnað og afturfótur lent aðeins á undan hliðstæðum framfæti. Áfram er talað um tvítakt þar sem frávikið frá samstiga hreyfingum hliðstæðra fóta er ekki merkjanlegt (sjá myndir).

Æskileg líkamsbeiting á skeiði

Skeið er kraftmikill yfirferðargangur þar sem hesturinn stækkar skrefin og eykur teygju líkamans. Á skeiði stinnir hesturinn bakið, lengir yfirlínuna, teygir hálsinn fram og opnar kverk. Í sviffasa skeiðsins teygjast hliðstæðir fram- og afturfætur langt fram og hliðstæðir fætur gagnstæðrar hliðar teygjast langt aftur. Þetta er lýsing á réttu skeiðsniði en skeiðið greinist takthreint ef svif er greinilegt og frávik frá samhliða niðurkomu hliðstæðra fóta er ekki merkjanlegt.



Gallað skeið

Fjörtakta skeið

Svokallað fjörtakta skeið er óæskilegt. En talað er um að skeiðið sé fjörtakta þegar of mikið og greinilegt frávik verður á niðurkomu hliðstæðra fóta, þ.e. of mikið millibil verður á milli þess sem afturfótur lendir á jörðinni þangað til hliðstæður framfótur lendir. Eftir því sem fjörtaktur eykst á skeiði þeim mun minna verður svif hestsins. Ástæðan fyrir þessum galla getur verið eitt eða fleira af eftirtöldum atriðum; hesturinn er of reistur og nær þar af leiðandi ekki að stinna bakið, hestinn vantar framhugsun eða nær ekki að lengja yfirlínu og teygja hálsinn fram.

Kastgengt skeið / stirt skeið

Einnig er talið óæskilegt ef skeiðið er kastgengt og stirt. Þá er of mikil hliðstæða í hreyfingunni, hesturinn verður kastgengur og skilar sér ekki nægjanlega hratt áfram.

Styttingur

Þegar tvítakturinn er of mikill vantar flot í skeiðið og hesturinn nálgast það að stytta sig, þ.e. kemst á mörk jafnvægis síns á skeiði. Eftir því sem þyngdarpunktur hestsins færir fram, því meiri verður tvítakturinn í skeiðinu. Ef jafnvægispunktur hestsins færir of langt fram lendir framfótur á undan hliðstæðum afturfæti og hesturinn skiptir yfir í kýrstökk. Þessi gangskipting nefnist styttingur.

Flandur

Það er kallað flandur á skeiði þegar hesturinn missir jafnvægið á skeiðinu einu sinni eða endurtekið, leitar í stökk og skeiðið verður ójafnt. Reising hestsins er of há, of mikill fjörtaktur er til staðar og hesturinn tekur stökkspor inn á milli.

Höfundar:
Þorvaldur Kristjánsson
Sigurbjörn Bárðarson
Sigurður Ævarsson
Gunnar Reynisson

Útgefandi:
Landssamband hestamannafélaga LH og FEIF
Reykjavík 2014

Hönnun:
Gísli B. og Næst
Teikningar: Pétur Behrens
Litteikningar: Ulrich Neddens

Allur réttur áskilinn. Efni þessa rits má ekki afrita,
að hluta eða í heild, svo sem með ljósmyndun,
skönnun, prentun, hljóðritun, eða á annan
sambærilegan hátt, án skriflegs leyfis höfunda.



